


Morgunblaðið/Einar Falur

Tíu ára bekkur Fáskrúðsfjarðarskóla með líkanið af skólanum og skólalóðinni eins og þau vildu hafa hana. Allur bekkurinn lagði saman krafta sína, og tók verkefnið níu daga. Á myndina vantar eina bekkjarsysturina, sem var veik og komst ekki til Reykjavíkur.

Byggingarlist og umhverfi:

Tíu ára bekkur á Fáskrúðsfirði fékk 1. verðlaun

TÍU ára bekkur í Fáskrúðsfjarðarskóla fékk fyrstu verðlaun fyrir verkefni um byggingarlist og umhverfi, sem skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins stóð fyrir að tilstuðlan Arkitektafélags Íslands. Verkefnið var unnið í tilefni af 50 ára afmæli Arkitektafélagsins, og var megintilgangur þess að fá nemendur til þess að skynja, skilja, gagnrýna og bæta eigið umhverfi. Flest gerðu börnin tillögur um endurbætur á skólalóðunum og skýrðu þær með teikningum og líkönum.

Tíu ára krakkar úr sjö skólum voru saman komnir á Kjarvalsstöðum á sumardaginn fyrsta til þess að taka við viðurkenningum fyrir úrlausnir á verkefninu. Þrír skólar hlutu verðlaun fyrir athyglisverðar tillögur. Tíu ára bekkur í Selásskóla í Reykjavík fékk önnur verðlaun en þriðju verðlaun fékk Hólabrekkuskóli. Í umsögn dómnefndar segir að öll verkefnin sjö hafi verið mjög athyglisverð, hvert á sinn hátt, og erfitt að gera upp á milli þeirra. Öll börnin, sem tóku þátt í verkefninu, fengu viðurkenningarskjal frá Arkitektafélaginu, en fyrstu verðlaun voru seljutré, sem krakkarnir á Fáskrúðsfirði ætla að gróðursetja á skólalóðinni hjá sér.

Það munaði minnstu að Fáskrúðsfirðingarnir kæmust ekki í bæinn til þess að veita verðlaunaunum viðtöku, því að ekki var hægt að fljúga til Reykjavíkur fyrr en um hádegisbil á fimmtudag. Hópnum var svo ekið beint af flugvellinum og á Kjarvalsstaði.

Krökkunum kom saman um að það hefði verið mjög gaman að vinna að þessu verkefni. „Ég vona að það verði tekið eitthvað mark á því, sem við viljum láta gera við skólalóðina," sagði Kristmundur Sverrir Gestsson frá Fáskrúðsfirði. „Það verða vonandi gerðir fleiri rusladallar og það verður þá hægt að henda ruslinu í þá, en ekki út um alla lóð." Eva María Sigurðardóttir sagðist mikið hafa lært, og hún héldi að krakkarnir skildu kannski betur hvað mennirnir, sem skipuleggðu götur og lóðir, hefðu við að glíma. Flestum í hópnum fannst vel koma til greina að verða arkitektar - „það getur komið fyrir eins og hvað annað," sagði einn.

Kjarvalsstaðir

15 félagar Listmálarafélagsins sýna

FIMMTÁN félagar í Listmálarafélaginu sýna verk sín á Kjarvalsstöðum og er Einar Baldvinsson listmálari heiðursgestur sýningarinnar. Sýnendur eru: Ágúst F. Petersen, Benedikt Gunnarsson, Björn Birnir, Bragi Ásgeirsson, Elías B. Halldórsson, Einar Hákonarson, Einar Þorláksson, Einar Baldvinsson, Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Pétur Már Sigurðsson og Sigurður Sigurðsson.

Listmálarafélagið var stofnað 1982 og hefur síðan haldið reglulegar sýningar. Félagar eru liðlega 20 talsins. Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opin fram til mánaðamóta og líklegast verður 1. maí síðasti sýningardagurinn.

Kaupfélag Héraðsbúa:

Jörundur Ragnarsson var ráðinn kaupfélagsstjóri

Egilsstöðum.

Á áttatíu ára starfsafmæli Kaupfélags Héraðsbúa lætur Þorsteinn Sveinsson af starfi eftir rúmlega tveggja áratuga farsælt starf. Jörundur Ragnarsson kaupfélagsstjóri á Vopnafirði hefur verið ráðinn í hans stað. 6 umsækjendur voru um stöðu kaupfélagsstjórans, þeir voru: Einar Baldvinsson framkvæmdastjóri, Reyðarfirði, Hrafnkell Tryggvason viðskiptafræðingur, Reykjavík, Jörundur Ragnarsson kaupfélagsstjóri, Vopnafirði, Kristján Hauksson tæknifræðingur, Hafnarfirði, og Sveinn Guðmundsson sveitarstjóri á Vopnafirði. Einn umsækjandi óskaði nafnleyndar.

Stjórn kaupfélagsins ákvað að ganga til samninga við Jörund Ragnarsson en Kaupfélag Héraðsbúa er eitt af stærstu kaupfélögum landsins, það rekur umfangsmikinn verslunarrekstur á Egilsstöðum, Borgarfirði, Seyðisfirði og Reyðarfirði og nýlega yfirtók það verslunarrekstur Pöntunarfélags Eskifjarðar, eftir að það varð gjaldþrota á síðasta ári.

Einnig rekur Kaupfélag Héraðsbúa útgerð og fiskverkun á Reyðarfirði og frystihús í Borgarfirði. Fyrirtækið hefur rekið 3 sláturhús, á Egilsstöðum, Reyðarfirði og Fossvöllum, ásamt mjólkurbúi á Egilsstöðum. Einnig er á þess vegum rekin brauðgerð á Egilsstöðum ásamt veitingasölu og gistihúsi á Reyðarfirði.

– Björn

Vestmannaeyjar:

Sprengja á bryggjunni

Sprengjusérfræðingur Landhelgisgæslunnar fór til Vestmannaeyja í vikunni og eyddi þar sprengju, sem í fyrstu var talin virk djúpsprengja. Sprengjuna hafði bátur komið með úr róðri og skilið eftir á bryggjunni.

Lögreglan í Vestmannaeyjum lét Landhelgisgæsluna vita af sprengjunni aðfaranótt miðvikudagsins. Þá höfðu hafnarverðir gengið fram á hana á bryggjunni. Fyrst var talið að um virka djúpsprengju væri að ræða, en slíkar sprengjur þola lítið högg. Í ljós kom að um var að ræða hleðslutunnu, það er sprengjuhleðslu, úr bresku segultundurdufli frá tíma síðari heimsstyrjaldarinnar. Hleðslan var sprengd og var svo kraftmikil að hún tætti í sundur klettanibbu.

